


SÆRAF EHF



**Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindapjónusta
Siglingatækjapjónusta**

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 891 7360 - 891 8260 - sraf.is

Sæbjörg Freyja Gísladóttir

— sjá bls. 8 — 10.

„Ég er svolítill einfari, kannski má segja félags-lyndur einfari, finnst gaman að vera innan um fólk en líka voða gott að vera ein. Mér finnst eiginlega best að vinna með dýrum og karlönnum, þá er ekkert óþarfa kjaftæði. Það hentar mér mjög vel að búa hér á Flateyri, það er nálægð við fólk en samt enginn vandi að draga sig í hlé.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 10. desember 2015 · 49. tbl. · 32. árg. · Ókeypis eintak



Mynd gusti.is





HAMRABORG
Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



**HAMRABORG
SAMLOKA**
Geymist við 0-4°C
með hangikjöti og salati



**HAMRABORG
SAMLOKA**
Geymist við 0-4°C
með roastbeef



**HAMRABORG
SAMLOKA**
Geymist við 0-4°C
með kjúklingasalati



**HAMRABORG
SAMLOKA**
Geymist við 0-4°C
með rækjum og eggjum

*alltaf
nýsmurt*

jón & gunna verslun

Við höldum upp á eigendaskipti og bjóðum upp á 20% afslátt af því tilefni í dag 10. desember. Full búð af vönduðum fatnaði í mjúku jólapakkana ... og skóm í hörðu pakkana

Nýjir eigendur, þær Gyða og Dagný bjóða ykkur velkomin í Jón og Gunnu verslun

*Jón og Gunna verslun,
26 ár í heimabyggð*

Breyttur opnunartími í desember:
 Laugardagur 5. desember 11-18
 Laugardagur 12. desember 11-18
 Laugardagur 19. desember 11-18
 Sunnudagur 20. desember 13-18
 Mánudagur 21. desember 11-20
 Þriðjudagur 22. desember 11-20
 Þorláksmessa 23. desember 11-23
 Aðfangadagur 24. desember 10-12
 Mánudagur 28. desember 13-18
 Gamlársdagur 31. desember 10-12

Jón og Gunna verslun
 Austurvegur 2
 400 Ísafjörður
 Sími: 456 3464
 jonoggunnaverslun@simnet.is
 Við erum á líka á [facebook](#)



Inga María Guðmundsdóttir

– Sjónarmið –

Hvað eiga mínímalistar marga matardiska?

Fyrir nærri fimmtán árum flutt ég úr húsnæði þar sem ég hafði búið frá fæðingu. Ég flutti í íbúð með stórrí og flottri geymslu – þvílík dásemd! Þarna hefði mátt stafla heilli búslóð og frábært að geta geymt húsgögn, tæki og dót sem var ekki oft notað en „voða praktískt að eiga“. Úr þessari íbúð flutti ég svo fimm árum seinna og vitið þið hvað? Megnið af „praktíska“ dótinu hafði ég aldrei notað á þessum fimm árum. Fyrir utan jólasbraut og klósettpappír var þessi stóra geymsla full af dót sem hafði þann eina tilgang í lífi mínu að bera það milli húsa á nokkurra ára fresti. Sem betur fer er íbúðin sem ég flutti í með litla geymslu svo það var ekkert annað í boði en að losa sig við þessa mörgu kerrufarma af dót sem var mér hvorki til gagns né ánægju.

Ég hafði aldrei áður losað mig við svona mikið af dót og því fylgdi engin eftirsjá eða samviskubít – bara léttir. Þegar ég hugsa til baka held ég, að

þessi reynsla hafi sáð fræjum mínímalismans í huga minn. Það tók fræin reyndar nokkur neysluglöd ár að skjóta rótum en undanfarin ár hafa þessar pælingar skotist reglulega upp á yfirborðið og ég finn hjá mér sífellt meiri þörf til að losa mig við hluti heldur en að eignast meira dót.

Ég er alls ekki ein um áhugann á mínímalisma, langt í frá. Ég rekt í síauknum mæli á umræðu um málefni sem tengjast mínímalismanum. Fólk er að deila aðferðum til að skipuleggja heimilið og einfalda rekstur þess, gefa góð ráð um hvernig á að grísa eitur sínar og hvernig á að nýta betur það sem við eigum, hvort sem það er matur, fót, pláss, já eða bara tímann, sem er dýrmætasta eignin.

Fyrir nokkrum mánuðum skráði ég mig í Facebook hóp Íslendinga sem hafa áhuga á mínímaliskum lífsstíl. Í hópnum eru núna nærri tíu þúsund skráðir sem gefur vísbendingu um hversu margir hafa áhuga á að einfalda

líf sitt. Um sama leyti uppgötvaði ég bókina hennar Marie Kondo, tiltektar- og skipulagsnillings frá Japan. Aðferð hennar til að einfalda daglega lífið er kölluð Konmari og hefur farið sigurför um heiminn og hún komst á lista Time tímaritsins yfir hundrað áhrifamestu einstaklinga heims árið 2015. Af einhverri undarlegri ástæðu hefur þessi bók ekki verið þýdd á íslensku en er til á ensku í bókabúðum.

Þessi áhugi minn á mínímalisma hefur haft bæði góð og slæm áhrif. Ég hef fundið að það á vel við mig að fækka hlutum í eigu minni sem eru mér hvorki til gagns eða ánægju. Enda er ég engin sérstök áhugamanneskja um að þurrka af, þússa og þrifa og því tilgangslaust að eiga hluti sem ég dusta af rykið endrum og sinnum en gegna engu öðru hlutverki í lífi mínu. En auðvitað á ég líka fallega og/eða nýtilega hluti, muni sem gleðja mig og hluti sem ég nota og gera gagn. Samkvæmt leiðsögn Marie Kondo reyni ég nú að finna öllum

hlutum ákveðinn stað, og þar á sá hlutur heima, þar get ég gengið að honum og, sem er ekki síður mikilvægt, þangað set ég hlutinn eftir notkun.

En slæmu áhrifin? Henti ég óvart rúbín kórónu eða andalampa? Nei, ekkert svo krassandi. Það sem gerðist þegar áhugi minn á mínímalismanum náði hámarki sínu, og ég fór að gleypa í mig allt sem aðrir mínímalistar skrifuðu á Facebook, er að ég fór að bera mig saman við aðra. Já, og láta það fara í taugarnar á mér ef pælingar annarra fóru ekki saman við mínar.

„Mínímalistar skulu eiga tvo matardiska á mann“ sagði einhver. Fattaði mannfjandinn ekki að það er heimskulegt, og slæmt fyrir umhverfið, að vera sífellt að vaska upp? Nei, þá er betra að eiga nægilega mikið leirtau til að fylla uppþvottavélina og rúmlega það. „Stúdentshúfur eru gervipör“, sagði önnur og ég frussaði af pirringi. Fannst nú ekki taka því að hafa orð um lítinn hlut sem er keyptur, nú

eða ekki keyptur, einu sinni á ævinni. Og ég ætla ekki einu sinni að ræða hvað ég hugsaði þegar ég sá allar myndirnar af tómu eldhúsbörðunum og efri skápnum tómu fyrir utan dótíð sem við lata subbufólkið erum með á borðum, t.d. kaffivél og hnífastand.

Jæja. Þegar gleðin við að lesa skrif annarra um að einfalda og bæta líf sitt breyttist í pirring og fúllyndi, þá var kominn tími til að hugsa sinn gang. Og ég hugsaði og hugsaði, alveg þangað til mér varð ljóst að ég var að flækja málin að óþörfu – enn einu sinni. Auðvitað kemur það mér ekki við þó einhver vilji eiga tvo matardiska, enga stúdentshúfu og tóm borð! Og reyna að breyta skoðunum fólks á fjölda diska er í besta falli tímaeyðsla og í versta falli leiðindasköpun.

Þess vegna ætla ég að gefa sjálfri mér mínímalíska jólagjöf og hætta þeim ósið að láta smámál og bull valda mér ergelsi og pirru!

Inga María Guðmundsdóttir



JÓLATILBOÐ

Jólatilboð á öllum
sængum og koddum



Laugaveg 86

sími 5518740 / 5112004

MÖNDLUGJÖFIN Í ÁR ER FJÖLSKYLDU- SPILIÐ AFLAKLÓ.

AFLAKLÓ er prýðilega furðulegt
fjölskyldu- og skemmtispil.

Hér reynir á herkænsku og hrekkvísi
leikmanna sem gerast aðsópsmiklir
sægreifar í geysispennandi kapphlaupi
umhverfis Ísland.


**Fáanlegt í Pennanum-Eymundsson
og Samkaup Úrval á Ísafirði.**

Samkaup **úrval**

Pennan Eymundsson



Loks geta allir í
fjölskyldunni orðið
sælir sægreifar!





Útgefandi: Athafnaglesi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir
Bláðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöndum bb@bb.is.
 Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Daginn eftir

Það var aldeilis að vetur konungur lætur ófriðlega þá loksins að hann rumskaði, vonum seinna. Hér hafa íbúarnir á hjaranum nánast getað skondrast um á ermalausum bol allt haustið og sumir jafnvel orðnir leiðir á snjóleysinu. Nú er semsagt kominn vetur og þegar þetta er skrif- að situr ritstjórinn veðurtepptur í stofunni heima, það hvín og syng- ur í kotinu og næsta verkefni er að kíkja út og meta ástand á þakinu. Hvilftarströndin lokuð og rafmagnnið dettur út og inn. Landið gjörvalt er í uppnámi vegna veðurhamsins sem gekk yfir landið í gær og nótt en sem betur fer höfðu veðurfræðingarnir einhvern pata af þessum látum fyrirfram og landanum gert viðvart. Nokkrar kommentahetjur hafa reyndar viljað gera lítið úr þessum viðvörðunum en sennilega er parið sem húkti í þaklausum bænum og beið eftir brynvörðum hjál- arsveitum ekki sammála um að veðrið hafi bara ekkert verið svo slæmt. Knús vikunnar fá veðurfréttamenn hvar sem til þeirra næst, björgunar- sveitarmenn sem hafa staðið vaktina að venju og Kristján Einarsson starfsmaður Orkubúsins sem í gærkvöld og nótt hefur verið stanslaust á ferðinni að slá inn rafmagn fyrir Flateyringa. Ég skora alla á faðma þetta fólk hlýtt og innilega, þau eiga það skilið.

Í viðtali vikunnar er Flateyringur númer 498 Sæbjörg Freyja Gísla- dóttir sem aftur er komin á æskulóðirnar með drengina sína og hefur fest hér rætur. Hvort Björgunarsveitin Sæbjörg heitir eftir Sæbjörgu eða öfugt er ekki vitað en auðvitað er Sæbjörg í stjórn Sæbjargar, en ekki hvað. Gott fólk er boðið velkomið í þorpið, gott fólk með börn er ennþá velkomnara. Sæbjörg stefnir á að verða stórbóndi og fræðimað- ur í Öfundarfirði.

Bolvíkingar eru glaðastir þessa dagana, þeir eru ánægðir með nýtt hjúkrunarheimili sem vígt var og afhent með kurt og pí á sunnudaginn. Mikið margmenni mætti í opnunina í þetta fallega hús og ekki vafi á að þarna mun fara vel um heldri borgar Bolungarvíkur. Bolvíkingar gleð- ast líka af heilum hug með Hirti Trausta sem landaði verðskulduðum sigri í söngkeppni sunnan heiða. Við hin samgleðjumst af öllu hjarta.

BS

Spurning vikunnar

Viltu sjá snjóflóðagrindverk í Kubba?

Alls svöruðu 1028.

Já, sögðu 117 eða 11%

Nei, sögðu 911 eða 89%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



INNDJÚPIÐ loks fáanlegt á DVD

Heimildapáttaröðin vinsæla um ábúendur við innanvert Ísafjarðardjúp er loks komin út á DVD. Þættirnir voru sýndir við miklar vinsældir á RÚV vorið 2014 og tilnefndir til Edduverðlauna sem besta menningarpáttur ársins. Djúpmenn eru með eindæmum skemmtilegt fólk og Inndjúpið því tilvalið í jólapakkann! ATH - Með bæði enskum og íslenskum texta

Til sölu um land allt í:
 Pennanum, Samkaup, Bónus, Nettó, Elkó og Hagkaup

Smali ehf. Bókhaldsþjónusta

Sendum viðskiptavinum okkar nær og fjær bestu jóla- og nýársósir.

Veitum alhliða þjónustu við gerð ársreikninga og skattskil fyrir einstaklinga, rekstraraðila og lögaðila. Alhliða bókhaldsþjónusta, færslu bókhalds virðisauka- skattsuppgjör, launaútreikninga, launauppgjör og skila- greinar vegna launa ásamt annarri þjónustu, svo sem varðandi fjármál og lífeyrisréttindi.

Leitið nánari upplýsinga:

Bjarni Jóhannsson sími 863-4176, netfang: gudrunkg@simnet.is
 Guðrún Guðmannsdóttir sími 863-4177, netfang: gudrunkg@simnet.is

Smali ehf.
 Bókhaldsþjónusta og ráðgjör

750 KR.

OG EIMSKIP FLYTJANDI KEMUR
JÓLAPÖKKUNUM TIL SKILA



Glimrandi gott verð fyrir allt að 45 kg þungan pakka
– aðeins 750 krónur hvert á land sem er.
Sendu jólapakkann þinn fljótt og örugglega með Eimskip Flytjanda.
Upplýsingar um næsta afgreiðslustað á www.flytjandi.is

**Hámarksstærð pakka er 0,5 x 0,5 x 0,5 m
og hámarksþyngd 45 kg.**

+ Minnum á fatasöfnun Rauða Krossins
á móttökustöðum Eimskips Flytjanda
um land allt



Próstur Óskarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar, Kristján Þór og Elías handsala afhendingu hjúkrunarheimilisins að lokinni undirskrift.

Hjúkrunarheimilið afhent Heilbrigðisstofnuninni

Nýtt hjúkrunarheimili var formlega afhent Heilbrigðisstofnun Vestfjarða til notkunar á sunnudaginn. „Það er hjart yfir Bolungarvík í dag,“ sagði Elías Jónatansson bæjarstjóri í ræðu sinni þar sem hann fór yfir sögu nýbyggingarinnar. Hjúkrunarheimilið leysir af hólmi Sjúkraskýlið sem var tekið í notkun fyrir 57 árum.

Samningur við velferðarráðuneytið um byggingu hjúkrunarheimilis með svokallaðri leiguleið var svo undirritaður í september 2012 af Guðbjarti Hannessyni heitnum, þáverandi heilbrigðisráðherra og Elías Jónatanssoni. „Guðbjartur hafði kynnt sér aðstæður hér gerði hann sér góða grein fyrir því hvað þetta verkefni væri mikilvægt, ekki bara fyrir öldrunarþjónustu í Bolungarvík, heldur líka fyrir sam-

félagið hér. Guðbjartur á heiður skilinn fyrir sína framgöngu í málinu, blessuð sé minning hans,“ sagði Elías í ræðu sinni.

Margir verktakar hafa komið að verkinu. Þar má nefna Vestfirski verktaka sem höfðu með höndum frágang norðurálmunnar, stækkun anddyrisins og byggingu sólskalans. GÓK húsa-smíði sá um endurnýjun suðurálmunnar. Fjöldi undirverktaka kom einnig að verkinu auk þess sem samið var um ákveðna hluti verksins við verktaka án útboðs. Þeirra á meðal eru Pípulagningaþjónusta Hafþórs Gunnarssonar, Rafsjá, Hallgrímur Kristjánsson, Finnþogi Bjarnason, Sigurgeir Jóhannsson ehf, Inntré ehf, Vélvirkinn sf., Ísblikk ehf og Hæi ehf.

Arkitekt hússins er Vilhjálmur Hjálmarsson. Burðarþolshönnun var í höndum Tækniþjónustu Vestfjarða, en verkfræðistofan Efla hannaði raflagnir. Eftirlit með verkinu var í höndum Tækniþjónustu Vestfjarða. Elías færði öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir hönd Bolungarvíkurkaupstaðar.

Heildarkostnaður við hjúkrunarheimilið er um það bil 340 milljónir króna. Flatarmál íbúða og sameiginlegs rýmis á 1. hæð í norðurenda er um 480 fermetrar en, í suðurenda eru um 520 fermetrar að meðtalinni sólstofunni og minningastofunni á bakvið stígaðhúsið. Þar fyrir utan er svo starfsmannarými og geymslur í kjallara ásamt hlut í anddyri.

Heildarflatarmál telst því vera um 1050 fermetrar.

Elías þakkaði Kristjáni Þór Júlíussyni heilbrigðisráðherra og ráðuneyti hans gott samstarf í þessu verkefni. „Við höfum haft greiðan og góðan aðgang að ráðherra hvenær sem við höfum óskað eftir því. Heilbrigðisráðherra hefur ætíð verið mjög jákvæður í garð þessa verkefnis og lagt sig fram um það að ná góðri niðurstöðu varðandi samning um rekstur hjúkrunarheimilisins, en það verður áfram undir stjórn Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða eins og öldrunardeildin hefur verið frá árinu 2009.“

Bæjaryfirvöld í Bolungarvík hafa séð tækifæri í því að nýta áfram gamla Sjúkraskýlið sem nú verður flutt úr. „Í febrúar síð- asliðnum voru settar fram með formlegum hætti við heilbrigðisráðuneytið hugmyndir um framtíðarskipulag heilbrigðisþjónustu í Bolungarvík. Þær hugmyndir gera ráð fyrir að gamla hús- næðið verði nýtt sem miðstöð heimilishjúkrunar, heilsugæslu og dagvistar og þar verði hugsan- lega samstarf við félagsþjónustu Bolungarvíkurkaupstaðar. Þessar hugmyndir hafa einnig verið bornar undir forráðamenn Heil- brigðisstofnunar Vestfjarða og hlotið þar afar góðar undirtektir. Það er engum blöðum um það að fletta að með því að samþætta þessa þjónustu á einum stað er hægt að hagræða í rekstri um leið og þjónustan verður enn betri,“ sagði Elías.



Ákvörðun um matsskyldu

Súðavíkurhreppur hefur tekið þá ákvörðun að Vatnslögn úr Borgarlág í landi Reykjarfjarðar landnúmer 141592, að heimahúsum í Reykjarfirði, skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi á skrifstofu Súðavíkurhrepps og á vefsíðu sveitarfélagsins www.sudavik.is og www.skipulagsstofnun.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 14. janúar 2016.



Súðavík 10. desember 2015

Árni Traustason

Skipulagsfulltrúi Súðavíkurhrepps



Hildur Elísabet Pétursdóttir deildarstjóri nýja hjúkrunarheimilisins.

Hafðu okkur með í ráðum



Okkar hlutverk hefur frá upphafi verið að stuðla að jafnvægi og að allir hafi jafna möguleika á að eignast húsnæði, hvar sem er á landinu.

Við veitum óháða og trausta ráðgjöf, hvort sem þú ætlar að kaupa eða leigja, þannig að þú vitir örugglega hvað þú ert að fara út í.



Fræðimaður og bóndi

Sæbjörg Freyja Gísladóttir



Það tíðkaðist hér í eina tíð að ungir menn og stúlkur fóru milli landshluta til að fara á vertíð, vinna í fiski. Það gerði ungur skagfirskur sveitapiltur árið 1980, Gísli Sæmundsson, sem lagði land undir fót og skelkti sér í fisk á Flateyri og það var ekki að spyrja að því, auðvitað fann hann konuefnið sitt í firðinum fagra. Sveitapilturinn frá Syðstu Grund í Blönduhlíð batt kirfilega trúss sitt við önfirsku mey, Þorbjörgu Pétursdóttir og hófu þau búskap við Hjallaveg þar sem frumburður þeirra hjóna, agnarsmá dama sem nefnd var Sæbjörg, fæddist í maí 1981.

Fljótlega fluttu ungu hjónin frá Flateyri með hina smáu en knáu Sæbjörgu í heimahaga Gísla, hið skagfirska efnahagsvæði sem kallað er, nánar tiltekið í Varmahlíð, alltaf var þó Flateyri í huganum og áttu þau íbúðina á Hjallavegi í mörg ár. Í Varmahlíð fæddust svo drengir tveir sem á fullorðinsárum hafa fetað í fótspor föður síns, aka um á vörubílum og búa í Skagafirði. Gísli og Þorbjörg fluttu hins vegar fyrir nokkrum árum í Fellabæ.

Viðfangsefni þessa viðtals er áður nefnd Sæbjörg, lifandi sönnun þess að margur er knár þó hann sér smár. Hún ólst

upp í Varmahlíð og gekk þar í skóla en á sumrin var hún hjá ömmu og afa á Syðstu Grund og ræktaði þar bændagenið. Alltaf var þó tengslunum við Flateyri haldið við, enda stórfjölskylda Þorbjargar þar og voru systkinin alin upp sem Flateyringar. „Ég átti mjög hamingjusama æsku“ segir Sæbjörg „og við systkinin erum mjög nán en við hittumst frekar sjaldan því það er svo langt á milli okkar, strákarnir eru í Skagafirði og mamma og pabbi fyrir austan. Það er helst að við getum mælt okkur mót á þjóðvegnum.“

Sæbjörg hafði hugsað sér að verða gullsmiður og fara á samning hjá Dýrfinnu Torfadóttir á Ísafirði en þar sem langur biðlisti var hjá henni fór Sæbjörg, að ráði Dýrfinnu, í iðnhönnun en fann sig ekkert sérstaklega í því námi. „Ég bjó bara til einhverja klikkaði hluti“ segir Sæbjörg og kímir. Næsta ævintýri var svo að læra myndlist og það gerði hún í Naturskolen í Hróarskeldu í Danmörku. Í Danmörku komst hún í kynni við danskan myndlistarmann, Claus Roland og að ráði hans fór hún til Svíþjóðar að læra ljósmyndun. Claus hafði tekið eftir ljósmyndunum hennar og taldi hana hafa hæfileika á

þessu sviði. Til Svíþjóðar fór hún í lýðháskóla og lærði að taka myndir á filmu og framkalla í myrkraherbergi. Í þússi sínu á hún allar græjur til að framkalla og hver veit hvenær þær verða teknar til kostanna.

Heldur dró til tíðinda þegar hún loksins yfirgaf okkar ágætu „nordiske venner“ en fyrsta stopp var Fellabær á Austurlandi hjá foreldrunum. „Og þar lét ég barna mig“ segir hún og glottir, dásamlegur drengur fæddist þegar Sæbjörg var 25 ára og ári seinna annar prins, ekki síður fallegur. Með eitt á handleggnum og annað undir belti hóf þessi skelegga stúlka svo kennaranám í fjarnámi við Háskólann á Akureyri. „Ég fór í nám til þess að geta verið lengur heima með strákana enda byrjuðu þeir ekki í leikskóla fyrr en um tveggja ára aldur“ segir Sæbjörg. „Á sumrin stundaði ég svo ýmisskonar rannsóknarstörf, bæði af því að ég hef gaman af fræðunum en líka svo ég gæti verið meira heima með börnin.“ Ekki átti kennaranámið við hana og tók hún því smáhlé á námi, svona fyrsta árið eftir að yngri drengurinn fæddist. „En ég er sko fyrst og fremst akademiker, ég vil rannsaka og læra og koma því á framfæri

sem ég læri“ sagði hún og dreif sig þess vegna í þjóðfræði við Háskóla Íslands. Þjóðfræði átti virkilega vel við dómuna sem nú var komin suður með þjónkur og prins. Þabinn varð eftir fyrir austan en eftir þriggja ára fjarbúð var tekin ákvörðun um að slíta sambandinu.

Í þjóðfræðináminu tókst hún á við ýmis viðfangsefni en sjálfsmynd og ímynd hópa voru þó oftast undirliggjandi í flestum rannsóknum. Hún gerði til dæmis viðtalsrannsóknir meðal Íslendinga sem höfðu búið erlendis um lengri eða skemmri tíma, skoðaði hvað þjóð og þjóðerni merkir í huga fólks, hvaða ímynd staðir hafa í huga aðkomufólks og heimamanna og meistararitgerðin snýst um Flateyri út frá ýmsum hliðum. Sæbjörg hefur þó nokkuð oft verið með fyrirlestra um hugðarefni sín og nú síðast talaði hún um hagnýtingu Flateyrar af hendi lista- og fræðafólks. Eitt sumarverkefnið snérist líka um líkamsstöðu karla og afrakstur þess verkefnis var ljósmyndasýning sem rataði meðal annars á veggj sundlaugarinnar á Flateyri og Hamraborgar á Ísafirði, ásamt því að prýða veggj menningarmiðstöðvar á Egilsstöðum og gamla Arion



Strákarnir.



HÚSASMIÐJAN

**Taktu þátt í
Jólagjafaleik Húsasmiðjunnar
á Facebook**

Drögum út glæsilega vinninga
alla daga til jóla!
sjá nánar á www.husa.is/jolagjafaleikur



JÓLA GJAFIR

ótrúlegt úrval • frábært verð



ÚRVAL
VERKFÆRA
Á FRÁBÆRU
TILBOÐI!

**26%
afsláttur**

12.995kr
~~17.632kr~~

Hleðsluborvél Blac & Decker
EPC14CAB 14.4V, 2 rafhlöður
5246006

BLACK & DECKER



Jólagjöf

18.990 kr

FULLT VERÐ: 23.999

Beka Pottasett 3stk.
Með loki, 16/20/24 cm
2006789



7.794kr
~~12.990kr~~

Hraðsuðukanna Legacy
Stál
1840126

Russell Hobbs



Jólagjöf

2.595 kr

FRÁBÆRT VERÐ

Bitar- og toppasett
25 stk.
5246110



Jólagjöf

4.868 kr

FULLT VERÐ: 6.490

Electrolux
Hraðsuðukanna
ELOISE EEWA3100, 1,5 ltr
1829123



Jólagjöf

8.990 kr

FULLT VERÐ: 11.990

Eldhúshnífar
5 stk í standi
2007432



Matarstell 30 stk

Aida 6stk, matar-súpu og kökudiskar
ásamt bollum og undirskálum
2000419



Jólagjöf

5.990 kr

FULLT VERÐ: 7.990



BLACK & DECKER



24.995kr
~~33.995kr~~

Hleðsluborvél með höggi
EGBL188AFC
18V, 2 rafhlöður Li-Ion
160 fylgihlutir
5245560



**20-40%
AFSLÁTTUR** | **ALLAR
SERÍUR OG
JÓLALJÓS**



Sæbjörg og Eyvi.

húsnaðið á Hólmavík.

Einhverra hluta vegna virtist Flateyri ítrekað rata inn í skólaverkefni og eftir margar ferðir fram og til baka tók Sæbjörg ákvörðun að flytja aftur á Flateyri, þar sem hún fæddist og hafði samkvæmt talningu verið Flateyringur númer 498, „Halldór Gunnar var númer 500“ fullyrðir Sæbjörg. „Í Varmahlíð bjuggu um það bil 20 krakkar, þetta var öruggt og skemmtilegt umhverfi og mig langar að bjóða strákunum mínum upp á það sama. Það var svo sem allt í lagi að búa í Reykjavík en það eru ekki sömu lífsgæði og hér. Ég flutti hingað 17. Júní 2014 og ætlaði að prófa að búa hér eitt sumar, leigði mér íbúð og fékk mér kött“. En sagan endurtekur sig því á Sandsballinu það sumar kolféll konan fyrir ungum og myndarlegum sveitapilti frá Tröð í Öfundarfirði og þá var ekki aftur snúið. „Við Eyvindur eigum svo margt sameiginlegt, hann er kokkur og matur er líka mitt áhugamál en þar að auki höfum bæði mikinn áhuga á búskap og erum búin að fá okkur 50 kindur

og okkur langar að taka við í Tröð, þegar þar að kemur. „Það er nú bara þannig að þegar kona á tvö börn þá er þetta dálldill pakki og ég sagði Eyvindi það strax, þegar strákarnir eru hjá mér þá þýðir það að stefnumótin eru fjölmennari en almennt gerist, það er annað hvort enginn eða við þrjú, ég og strákarnir mínir. Þetta var ekki flókið hjá honum, hann kom bara heim til okkar og eldaði fyrir okkur öll á fyrsta stefnumótinu.“

„Við afi keyrðum oft um sveitina í Skagafirði og skoða jarðir sem ég gæti keypt og hann fór svo stundum í heimsóknir á bæi til að finna handa mér sveitapilt“. Þau hjónaleysin Eyvindur og Sæbjörg fóru í heimsókn til ömmu og afa í Skagafirði síðastliðið sumar og virtist finna sáttur við ráðahaginn, sérstaklega eftir að Eyvindi tókst að lyfta hestasteininum hans á Syðstu-Grund.

Búskapurinn er greinilega mikið hjartans mál hjá Sæbjörgu og örlítið vottaði fyrir óþolinmæði við blaðamann, „við Eyvindur og tengdforeldrarir erum að undirbúa að hleypa til



Þetta er lífið.

og velja hvaða ær á að setja undir hvaða hrúta, þú ert eiginlega að tefja mig frá því“ segir hún hlær. En taki maður tillit til þess að viðmælandi er í fullu starfi sem leikskólastjóri við leikskólann á Flateyri, á fullu í mastersnámi við Háskóla Íslands, tveggja barna móðir og stórbóndi læðist að sá grunur að frítíminn sé kannski ekki mikill og hver klukkustund nýtt til hins ýrasta. Aðspurð segir Sæbjörg að hana langi í framtíðinni að fá sér hesta en ekki alveg strax, það sé ekki húsakostur í Tröð fyrir hross. „En afi ætla að lána mér nokkra hesta í vor, þá get ég riðið út í sumar. Ég ætlaði alltaf að verða bóndi þegar ég yrði stór, ákvað það þegar ég varð 7 ára og hef aldrei ákveðið neitt annað framtíðarstarf, þó ég hafi svo sem gefið drauminn upp á bátinn um nokkurra ára skeið. Mig langar að fá mér nokkra kálfa en hef ekki ennþá náð að sannfæra Ása tengdababba um að það sé gáfulegt, svo verður maður náttúrulega að hafa einhverja fugla“

„Ég er svolítið einfari, kannski má segja félagslyndur einfari, finnst gaman að vera innan um fólk en líka voða gott að vera ein. Mér finnst eiginlega best að vinna með dýrum og karlmönnum, þá er ekkert óþarfa kjaftæði. Það hentar mér mjög vel að búa hér á Flateyri, það er nálægð við fólk en samt enginn vandi að draga sig í hlé. Það er fylgst með manni, mér finnst það gott. En ég fæ stundum innilokunarkennd innan um þessi fjöll, Skagafjörður er miklu víðari. Hér á ég svo fjölskylduna, ömmu, afa, Betty og Guðrúnu systur mömmu og þeirra börn“. Lesendum til

glöggvunar má geta þess að Betty móðursystir Sæbjargar er nú eini ábúandinn á Ingjaldssandi og Guðrún gerir út, ásamt fjölskyldu sinni, af miklum myndarskap á Flateyri.

Sæbjörg tekur virkan þátt í samfélaginu á Flateyri, hún er gjaldkeri í Björgunarsveitinni Sæbjörgu, í undirbúningshóp Ólafstúnsveislunnar og vara-

maður í stjórn félags sauðfjárræktenda á svæðinu auk þess að syngja í kirkjukórnum. Strákarnir hennar Krummi og Andri er mjög sáttir í skólanum en þeir eru orðnir leiðir á þessum blaðasnápi sem tefur mömmu frá kvöldlestrinum.

Snápurinn heldur út í nóttina, framtíðin er björt fyrir vestan.

bryndis@bb.is



Fræðimaðurinn.

ÚTBOÐ

Útboð 20084 - Ljósleiðarahringtenging Vestfjarða, seinni hluti

Ríkiskaup, fyrir hönd fjarskiptasjóðs standa fyrir útboði vegna seinni verkáfangar ljósleiðarahringtengingar á Vestfjörðum. Fjarskiptasjóður áformar að gera samning við hæfan bjóðanda (seljanda) sem á hagkvæmasta gilda tilboðið um að hanna, byggja, reka og eiga ljósleiðarastreng ásamt því sem honum tilheyrir, sem ætlaður er til að koma á ljósleiðarahringtengingu á Vestfjörðum. Samningurinn innifelur að fjarskiptasjóður veitir seljanda opinberan fjarhagslegan stuðning til verkefnisins.

Ekki verður gerður samningur tilkynni einhver fyrir samþykki tilboðs að viðkomandi ætli að byggja og reka ljósleiðarstrenginn ásamt því sem honum tilheyrir án opinbers stuðnings.

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík fyrir kl. 10.00 þann 28. janúar 2016 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

Nánari upplýsingar er að finna í útboðslýsingu sem aðgengileg verður á vef Ríkiskaua (www.rikiskaup.is/utbod/utb/20084) frá og með þriðjudeginum 8. desember nk.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



Heilsusetrið

Hafnarstræti 19
Sími: 899 6698

*Dekurstofan
Dagný*

*Gjafakortin tilvalin
í jólapakkann*

*Gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár
Þakka góðar stundir á árinu
Jóla kvæðja
Dagný á Dekurstofunni*

Gleðileg jól
Gæfuríkt komandi ár
Þökkum góðar stundir á árinu
Jóla kvæðja
skvísurnar á Ametyst

Ametyst 
Sími: 8523306

*Fullt af spennandi
glæðningum í jólapakkann*



Ráðgjafa- og nuddsetrið ehf

*Gjafakort tilvalin í jólapakkann
Tannhvíttun jólagjöfin í ár*

*Gleðileg jól
Gæfuríkt komandi ár
Þakka góðar stundir á árinu
Jóla kvæðja
Stebbi Dan*

Opnunartími um jólin
Þorláksmessa 05:30-21:00
Aðfangadagur 8-12
Jóladag lokað
Annar í jólum 13-16
Gamlársdagur 8-12
Nýjarsdag lokað

*Jóla kvæðja
starfsfólk stúdíó Dan*

 **Studio
Dan**



Auglýsing um lýsingu deiliskipulags í Ólafsdal Dalabyggð

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fund sínum þann 17. október að auglýsa lýsingu á nýrri deiliskipulagstillögu skv. 1. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Lýsing deiliskipulagstillögu felur í sér eftirfarandi:

Ólafsdalur í Gilsfirði er meðal merkustu sögu-, menningar- og minjastaða á Vesturlandi við Breiðafjörð. Viðfangsefni deiliskipulagsins er endurreisn og verndun bygginga og menningarlandslags í Ólafsdal. Miðað er við að öll húsin verði í framtíðinni nýtt til þjónustu ferðamanna. Með endurbyggingu og endurgerð húsa í Ólafsdal yrði menningar- og sögutengd ferðaþjónusta við Breiðafjörð styrkt til muna. Könnun verður gerð á jarðhita í Ólafsdal með það í huga að nýta hann til hitunar á húsunum.

Megin markmið deiliskipulagsins er að stuðla að varðveislu þeirra merku menningarheildar sem felst í sögu og tilvist Ólafsdals.

- Að endurbyggja þau hús og mannvirki sem uppi standa og sem áður stóðu og tengdust rekstri og sögu skólans.

- Að vernda og halda til haga jarðræktarsögu.
- Að vernda nátturlegt gróðurfar og stuðla að uppgæðslu sem hæfir nátturufari og sögu staðarins.

Lýsingin er birt á heimasíðu Dalabyggðar dalir.is, Skessuhorni, Bæjarins Besta og einnig á skrifstofu Dalabyggðar Miðbraut 11, 370 Búðardal.

Upplýsingar eru einnig veittar hjá Skipulagsfulltrúa Dalabyggðar á sama stað.

Kynning á lýsingu deiliskipulagstillögu verður í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar Miðbraut 11 Búðardal þriðjudaginn 15. desember nk. á milli 10.00 - 14.00.

Íbúar og hagsmunadilar eru hvattir til að mæta.

Ábendingum við lýsingu skal skila skriflega til skipulags og byggingarfulltrúa Miðbraut 11 Búðardal á netfangið bogi@dalir.is eigi síðar en 31. desember 2015.

Skipulags og byggingarfulltrúi
Bogi Kristinnson Magnúsen

Vestfirsk jólatré 2015

Skógræktarfélag Ísafjarðar og
Skógræktarfélag Dýrafjarðar

Jólatré beint úr skógi
laugardaginn 12. des. kl. 13 til 15

Verð kr. 5000
Greiðsla í reiðufé eða inn á reikning

Dýrafjörður:
Á Söndum, aðkoma af Brekkuhálsi
Stafafura og Sitkagreni

Ísafjörður:
Ofan Bræðratungu
Stafafura



- Allar bestu hárvörurnar á einum stað
- Úrval af fallegum jólagjöfum
- Pantaðu í netverslun okkar og fáðu sent heim
- Hringdu og fáðu faglega ráðgjöf

www.sapa.is

ghd

milk_shake

ELEVEN[™]
AUSTRALIA

KÉRASTASE
PARIS

Schwarzkopf
PROFESSIONAL

KEVIN.MURPHY

MATRIX

amika:

d:fi

PAUL MITCHELL

JOICO

M
MOROCCANOIL

Auglýsingasími bb.is er **456 4560**

// Laugavegi 61

// 101 Reykjavík

// s. 511-1141

Við komum því til skila fyrir jól



Munum eftir þeim sem okkur þykir vænt um í aðdraganda jóla. Taktu þér tíma til að senda fallega kveðju eða glaðning og við komum því hratt og örugglega til skila. Hjá okkur finna jólasveinar einnig mikið af sniðugum gjöfum í skóinn.

Styttu afgreiðslutímann

Skráðu jólapakkann rafrænt á postur.is/skra-sendingu. Þá getur þú prentað fylgibréfið heima eða komið með viðtökunúmer og gjaldkeri prentar það fyrir þig. Þetta flýtir fyrir afgreiðslu og upplýsingar berast beint í tölvukerfi Póstsins.

Öruggir skiladagar fyrir jól

Pakkar

Til Evrópu – **14. des.**
Til Norðurlanda – **15. des.**
Innanlands – **21. des.**

Kort í A-pósti

Utan Evrópu – **10. des.**
Til Evrópu – **16. des.**
Innanlands – **21. des.**

Úrval gjafavöru á pósthúsum

Á pósthúsum finnur þú úrval smávöru, allt frá íslensku sælgæti fyrir vini og vandamenn yfir í fallegar gjafavörur á góðu verði.

Umbúðir utan um gjafir og umbúðir til sendinga eru víðast hvar í miklu úrvali. Fóðruð umslög, umbúðakassar og gjafakassar, þitt er valið. Njóttu þess að útbúa sendinguna þína í góðu umhverfi hjá okkur, við erum ávallt tilbúin að gefa góð ráð og aðstoða.


PÓSTURINN



Sportið í beinni...

fimmtudagur 10. desember

17:55 FC Sion - Liverpool
17:55 FK Qabala - Krasnodar
18:00 Golf - PGA Tour
20:00 Tottenham - Mönakó
20:00 Lech Poznan - Basel
03:00 Namajunas vs Vanzant

föstudagur 11. desember

18:00 Golf - PGA Tour
19:00 Haukar - Njarðvík
22:00 Dominoskórfuboltakv.
00:30 Tor Raptors - Milw Bucks
03:00 The Ultim Fighter Finale
laugardagur 12. desember
12:35 Norwich City - Everton
14:50 Cr Palace - Southampt
14:50 West H Utd - Stoke City
14:50 Man City - Swansea City
14:50 Sunderland - Watford
14:55 Barcelona - Dep Cor
17:00 Keflavík - Snæfell
17:20 Bournemouth - Man Utd
18:00 Golf - PGA Tour
19:40 Udinese - Internazionale
03:00 Aldo vs McGregor - Gunnar Nelson

sunnudagur 13. desember

13:20 Aston Villa - Arsenal
15:50 Tottenham - Newc Utd
15:50 Liverpool - WBA
16:55 Napoli - AS Roma
19:25 Villarreal - Real Madrid
19:40 Juventus - Fiorentina
21:20 Gr B Packers - D Cowb
mánudagur 14. desember
19:40 Lazio - Sampdoria
19:50 Leicester City - Chelsea
22:00 Messan

þriðjudagur 15. desember

19:40 QP Rangers - Brighton
miðvikudagur 16. desember
19:10 Snæfell - Grindavík
19:40 Hull City - Reading

Dagar Íslands

12. desember 1948:

Sex manns fórust er snjóflóð féll á bæinn Goðdal í Strandasýslu. Fjórum dögum síðar bjargaðist húsbóndinn úr flóðinu.

Helgarveðrið

Á föstudag:

Norðlæg átt, 8-15 fyrripartinn og snjókomu eða el, en úrkomulítið syðra. Mun hægari og minnkandi úrkomu undir kvöld. Hiti breytist lítið.

Á laugardag:

Suðaustlæg eða breytileg átt og bjart veður, en dálítil el S-til. Áfram kalt í veðri.

Á sunnudag:

Austlæg átt, úrkomulítið og fremur kalt, en snjókomu austast um kvöldið.

Krossgátan

				HAFS	TALA	YNDI	GRÍSKUR BÓK-STAFUR		DVELJA	TROSNA
AÐ-FINNSLUR										
MÁNUÐUR								ÁTT		
								PJÁTUR		
TUNNU							HRYGGUR			
							LAND-RÆMA			
TENGL									ÁTT	
BROTT										
	↓	HYGGST	KRÁ				KÖTTUR			
			DRYKKUR				AÐGÆTIR			
TRYGGINGA-FÉ						TVÍSTÍGA				SLÖNGU
						TAUG				
LEYSIR					ÓREGLA				ROTNUN	
					SITJANDI					
ÞÓFI			HARMUR					BOGI		
			PÁR					SPYR		
VERKUR				MAKA			LYKT			
							TRÉ			
REIÐI-HLJÓÐ				FJARA						DYFTA
				UPPGÖTVA						
		ÁKEFÐ					BETL			
		HINDRUN					DREPSÓTT			
BEYGUR				FRAMA-GOSI					BÆTA VIÐ	
				GÖSLA						
KOMAST			KLÓ				SNÍKJU-DÝR	TIL		
			SIGÐ					ORLOF		
GLJÁI						HULDU-MAÐUR				
AFSPURN						ÁVÖXTUR				
BÓK				TRÉ						

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Lausn á síðustu krossgátu

				OFLOFA	NÝFALLIN SKJÖR	DUND		RÖMVERSK TALA	PINNI	SVELG
		FOR- MADUR		O	D	D		V	I	T
		HÚS- FREYJA		F	R	Ú		HÖPUR HAND- FESTAN		L
		Í MIÐJU		M	I	T		Í RÖÐ		T
		STYRKJAST MJÓLKUR VÁRA		E	F	L		HARMA		KAUÐ
		STEFNA TVEIR EINS		Á	T	T		LAUN HELLINGUR		K
		HAND- SKJÓL		M	Ú	F		MJAKA NÆRA		F
		ILLORESI		A	R	F		ÖBYGGÐ SKYLDI		A
		TVEIR EINS		T	T	DANS LAPPI		SIGÐ SKÜR		A
		BLAÐUR		M	A	S		STEIN- TEGUND DYLJA		T
		KAPPSAMT		Á	K	A		PLAN RÚM		T
				L	VIBBÓT VANDRÆÐI	M		BYLTA MENNTA		F
		MJÓLKVI		S	V	I		MARG- KONAR SKAÐI		Ý
		DRYKKUR		T	E	FORMÓÐIR TÁL		KJAFI ARR		K
		KELA		Í	S	A		SAMS- KONAR ÁTT		E
		GETI		M	E	G		AFKOMANDI		N
		ÚT		I	N	N		FLAT- ORMUR		A

Sudoku þrautir

	9	3	7		6			
								1
5		8	3	9	1			
3	1			2				5
8	6		5	3				
	5					8	3	
9	3	5		1	7		6	2
		4					8	
			4	6				7

7	9		8	2	1		5	6
		4	9					
		1	5			9		7
			7		9	5		
4							7	9
	2			5		6	4	8
1						7	9	
	7		4	9			3	2
5		9	2	1	7	8	6	4



Magaband.is

Móttaka á Ísafirði mánudaginn 7. janúar

Ég verð með móttöku á Hvest Ísafirði fyrir bæði nýja og eldri sjúklinga fimmtudaginn 7.1.2016 milli kl 11.00 - 15.00. Panta má tíma í síma 450 4500. Vonast til að sjá sem flesta.

Auðun Sigurðsson FRCS (Gen)

Yfirlæknir Gravitas

Efnaskipta- og offituskurðlækningar

Facebook magaband.is



Stúfur á ferðinni



Loksins hefur tekist að ná í Stúf sem er alltaf í önnum enda mikið um að vera fyrir jólin. Þau eru víst bara einu sinni á ári. En nú getur þú pantað Stúf heim að dyrum og alla leið inni stofu. Já, hvernig væri að fá hinn eina sanna Stúf í heimsókn. Tilvalið fyrir stórfjölskylduna að safnast saman og eiga góða stund. Þetta snýst jú allt um fjölskylduna og vinina. Stúfur verður á ferðinni á milli húsa í Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavík sunnudaginn 20. desember.

Það er engin annar en Benni Sig. sem svarar í lurkinn hjá Stúf og tekur niður heimsóknatíma. Lurkasíminn er 690 2303.



Aðalfundur

Aðalfundur Edinborgarhússins ehf. verður haldinn 15. desember 2015.

Fundurinn verður haldinn í Rögnvaldarsal Edinborgarhússins og hefst kl. 20:00

Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins.

Aðalfundur

Aðalfundur Byggðasafns Vestfjarða verður haldinn í fundarsal Stjórnsýsluhússins á Ísafirði, 3. hæð, föstudaginn 11. desember 2015 kl. 14:00. Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórn Byggðasafns Vestfjarða

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður



HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



Allir fá þá eitthvað fallegt...

Við stefnum að vellíðan allan ársins hring og eru jólin engin undantekning. Í Lyfju finnur þú fjölbreytt úrval af fallegum og nytsamlegum gjafavörum fyrir alla fjölskylduna.

